

Fundargerð 72. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 15. júní 2021, kl. 15:00

Dagskrá:

1. Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036.

Mættir: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (SRN), Árni Freyr Stefánsson (SRN), Baldur Þ. Guðmundsson (MRN), Magnús Örn Agnesar Sigurðsson (UAR), Karl Björnsson (sambandinu), Ottó V. Winther (varamaður SRN), Pétur Berg Matthíasson (FOR), Sigríður Ó. Kristjánsdóttir (landshlutasamtökunum), og Sigríður K. Þorgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

Á fjarfundi: Bryndís Þorvaldsdóttir (HRN), Guðmundur Bjarni Ragnarsson (DMR), Þór Þórarinsson (FRN) og Reinhard Reynisson (Byggðastofnun).

Fjarverandi: Andri Júlíusson (UTN), Anna Katrín Einarsdóttir (ANR), Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Bryndís Eiríksdóttir (ANR), Eva Margrét Kristinsdóttir (FRN), Valgerður Rún Benediktsdóttir (sambandinu) og Þórarinn V. Sólmundarson (MRN).

Formaður setti fund. Nýr skipunartími stýrihópsins tók gildi 1. júní sl. og nær til þriggja ára. Hópurinn er að mestu óbreyttur en það ber þó til tíðinda að Valgerður Rún Benediktsdóttir hjá sambandinu tekur sæti Karls Björnssonar sem verið hefur í stýrihópnum frá upphafi. Þá kemur Andri Júlíusson inn sem nýr fulltrúi UTN og Eva Margrét sem hefur verið í leyfi kemur aftur inn sem fulltrúi FRN.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036

Rætt var um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2022-2026. Fram kom að hvítbók um byggðamál var til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda frá 14.-31. maí sl. Alls bárust 34 umsagnir sem allar voru gagnlegar. Sumar af þeim leiddu til breytinga á drögum að þingsályktunartillögunni en öðrum verður tekið mið af við framkvæmd hennar. Þingsályktunartillagan var samþykkt í ríkisstjórn 4. júní og í framhaldinu í öllum stjórnarþingflokkunum. Henni verður í kjölfarið dreift á Alþingi. Umræður.

Næsti fundur verður 30. ágúst 2021.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:25.